



6.4.9. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 35072013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Stigar og tröppur - Gönguhlutfall, framstig, uppstig, skilgreiningar o.fl.

Í grein 6.4.9 í byggingarreglugerð segir:

„Halli á stigum fyrir almenna umferð innanhúss skal vera á bilinu $30^\circ - 36^\circ$ og hlutfall milli uppstigs og framstigs vera á bilinu $2h + b = 600 - 640$ mm mælt í miðju stiga. Uppstig þrepa skal vera á bilinu 120 - 180 mm. Framstig þrepa má aldrei vera minna en 240 mm í ganglínu sé stigi milli tveggja hæða en 260 mm sé hann fyrir fleiri hæðir. Þar sem framstig er minna en 300 mm skal vera innskot (t.d. þannig að frambrún tröppu halli), slíkt innskot telst ekki til framstigs. Breidd innskots og framstigs skal samanlagt ekki vera minna en 300 mm. Sama uppstig og sama framstig þrepa skal vera á öllum hæðum sama stiga og skal framstig vera lárétt.

Fyrir aðra stiga innanhúss en greinir í 1. mgr. skal hlutfall milli uppstigs og framstigs eða hæð uppstigs vera eftirfarandi:

- Ef halli er minni en 30° : $4h + b = 940 - 980$ mm.
- Ef halli er frá 30° til 45° : $2h + b = 600 - 640$ mm.
- Ef halli er frá 45° til 60° : uppstig = 200 - 220 mm.
- Ef halli er frá 60° til 75° : $4/3h + b = 500 - 520$ mm.
- Ef halli er meiri en 75° (klifurstigi): $h = 310 - 330$ mm. Breidd klifurstiga skal að jafnaði ekki vera meiri en 500 mm og með handriði báðum megin.


Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

Til þess að auðvelt og öruggt sé að ganga stiga verður hann að hafa jafnan halla alla lengd sína. Stigi sem er hannaður eftir formúlunni 2 uppstig + 1 framstig = 620 mm +/- 20 mm, mælt í ganglínu hans, er með fínum halla í flestum tilvikum. Bestur halli á stigum er á bilinu 33° og 36° . Sama uppstig og sama framstig skal vera á öllum hæðum sama stiga innan sömu byggingar og skal framstig vera lárétt.



Leiðbeiningar



Mynd 1. Tröppuformúlan